

STARFSLÝSING AÐSTOÐARVERKEFNASTJÓRA SOROPTIMISTASAMBANDS ÍSLANDS

Aðstoðarverkefnastjóri Soroptimistasambands Íslands (Landssambands) er kosinn á Landssambandsfundum til tveggja ára í senn. Hann má endurkjósa til tveggja ára.

HÆFNISKRÖFUR

Aðstoðarverkefnastjóri Soroptimistasambands Íslands skal hafa til að bera:

1. Yfirgripsmikla þekkingu og áhuga á verkefnavinnu Alþjóðasambands Soroptimista (SI), Evrópusambands Soroptimista (SI/E) og Soroptimistasambands Íslands.
2. Vilja og áhuga á að stýra og samræma verkefnavinnu Landssambands.
3. Almenna reynslu af verkefnavinnu.
4. Góða hæfni í munnlegri og skriflegri tjáningu á öðru hvoru eða báðum opinberu tungumálum SI/E (frönsku og/eða ensku).
5. Mjög góða tölvufærni.

ÁBYRGÐ

1. Að kynna verkefnakjarna (Programme Focus Objectives) SI, SI/E og Landssambands, svo og verkefni sem Sameinuðu þjóðirnar eiga frumkvæði að, með því að vinna með klúbbum og gefa klúbbfélögum ráð og leiðbeiningar.
2. Að samhæfa vinnu verkefnastjóra og aðstoðarverkefnastjóra klúbba.
3. Að vinna með og gefa skýrslur til verkefnastjóra og aðstoðarverkefnastjóra SI/E svo og til starfsmanna aðalstöðvanna í Evrópu (sem kallast verkefnateymi SI/E).
4. Við lok kjörtímabils síns skal aðstoðarverkefnastjóri afhenda án tafar öll gögn og skjöl til eftirmanns síns til að tryggja samhengi í störfum embættisins en jafnframt vera til staðar til ráðgjafar.

SÉRSTÖK VERKEFNI

Í upphafi hvers stjórnartímabils skulu verkefnastjóri og aðstoðarverkefnastjóri Landssambands ákveða hvernig þeir skipta með sér verkum úr starfslýsingu embættanna. Þeir skulu upplýsa stjórn Landssambands og verkefnastjóra/aðstoðarverkefnastjóra klúbba innan mánaðar hver beri ábyrgð á hverju verki.